

**A 1651/medborger**

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 15-00192-3

Þingmannatillaga um aðgerðir gegn mansali

Flokkahópur miðjumanna telur við hæfi að kalla mansal þrælahald nútímans því með þrælahaldshugtakinu er kastljósinu beint að grófri misneytingu einstaklinga en ekki aðeins að því að farið er með manneskjur eins og hluti sem ganga sölum og kaupum. Þrælahald nútímans er meðal þriggja stærstu ólöglegra hagkerfa heims. Í samningi Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali merkir „mansal“ að taka í þjónustu sína, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingum, með því að hóta valdbeitingu eða beita valdi eða með annars konar nauðung, brottnámi, svikum, blekkingum, misnotkun valds eða varnarleysis viðkomandi eða með því að afhenda eða taka við greiðslu eða ágóða í því augnamiði að fá fram samþykki einstaklings, sem hefur vald yfir öðrum einstaklingi, til að koma fram misneytingu.

Í misneytingu felst að minnsta kosti að fényta sér vændi annarra eða kynferðisleg misneyting í annarri mynd, nauðungarvinna eða nauðungarþjónusta, þrælkun eða aðgerðir í líkingu við þrælkun, ánauð eða það að fjarlægja líffæri. Skilgreining Evrópuráðsins felur þannig í sér þrjá ólíka þætti en þeir eru aðgerðin sjálf, þar á meðal að taka einstaklinga í þjónustu sína, flytja þá og afhenda, aðferðin sem beitt er og markmið misneytingarinnar. Þeir dómar sem hafa verið felldir í slíkum málum eru örfáir. Bakmennirnir taka litla áhættu en gróðavonin er mikil. Flokkahópur miðjumanna telur að þarna verði að vera breyting á. Áhættan á að vera mikil en gróðavonin minni en nú er. Þrælahald er stórt hnattrænt vandamál og því miður einnig á Norðurlöndum.

Alþjóðasamningar skuldbinda norrænu löndin til þess að vernda og aðstoða fórnarlömb mansals, meðal annars Evrópuráðssamningur um aðgerðir gegn mansali frá árinu 2005, Samningur SP gegn fjölþjóðlegri skipulagðri glæpastarfsemi frá árinu 2000 og bókun við samninginn um mansal, Palermóbókunarinnar.

Flokkahópur miðjumanna fagnar því að ráðherranefndin vinni að þessu máli en telur að einnig megi dýpka samstarf allra landanna á Eystra-

saltssvæðinu. Flokkahópur miðjumanna telur að færa megi mansal enn ofar á dagskrá Norðurlandanna. Þörf er á meiri þekkingu um fórnarlömb mansals og aðgerðir sem virka gegn mansali í löndunum og á alþjóðavísu. Þá er töluvert vitað um hvaða aðgerða er þörf og því nægir ekki að efna til frekari rannsókna á þessu sviði. Áskoranirnar eru miklar og umfang þrælhaldsins eykst án þess að fórnarlömbin fái þá aðstoð sem þörf er á. Norræn stjórnvöld verða því að leggja mun meiri áherslu á aðgerðir gegn mansali.

Sérfræðingahópur Evrópuráðsins um aðgerðir gegn mansali, GRETA, hefur meðal annars bent á mikilvægi þess að koma í veg fyrir mansal á börnum, afhjúpa það og berjast gegn því. Í Svíþjóð hurfu 374 vegalaus börn úr móttökubúðum fyrir hælisleitendur á árinu 2014. Aðeins 58 þeirra gáfu sig fram.

Flokkahópur miðjumanna telur að koma verði á formlegu kerfi í löndunum þar sem skýrt er kveðið á um hlutverk og verklag þegar borin eru kennsl á fórnarlömbin. Þá þarf að bæta fræðslu um mansalsmál fyrir lögreglu, saksóknara og dómara. Tryggja verður góða samvinnu milli ólíkra stofnana og sviða um samræmingu aðgerða. Þörf er á vönduðum og áreiðanlegum kerfum til þess að safna og bera saman gögn um fjölda hugsanlegra fórnarlamba mansals.

Við lifum í hnattvæddum heimi þar sem glæpastarfsemi yfir landamæri eykst stöðugt. Því verða Norðurlöndin að bæta samstarf sitt um aðgerðir gegn þrælahaldi, einnig í breiðu alþjóðlegu samstarfi, meðal annars hjá alþjóðlegum og svæðisbundnum stofnunum og á milli yfirvalda og félaga-samtaka. Norðurlöndin eiga að taka forystuna í alþjóðlegu samstarfi um aðgerðir gegn mansali. Flest erlend fórnarlömb vændis dveljast í norrænu landi í skemmri eða lengri tíma en halda síðan áfram til annarra landa. Norræn stjórnvöld ættu því í auknum mæli að samræma löggjöf landanna. Brýnt er að efla alþjóðlegt lögreglusamstarf og þar verða Norðurlöndin að hafa forystu. Þá er mikilvægt að hefta alþjóðlegt fjármagnsflæði tengt þrælahaldi.

Í baráttunni gegn þrælahaldi nútímans er afar brýnt að afla þekkingar á því sem felst í mansali, um umfang þess og ekki síst hvernig aðgerða er þörf. Aðeins þannig er hægt að tryggja að aðgerðir verði markvissar og skili árangri. Barnanefnd SP hefur greint frá því að bakmenn mansals séu sjaldan sóttir til saka og að upplýsingar um börn sem verða fórnarlömb mansals séu brotakenndar.

Norðurlandaráð

A 1651/medborger

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 15-00192-3

Með hliðsjón af ofangreindu leggur flokkahópur miðjumanna til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún efli starf gegn mansali þar sem lögð er áhersla á norræna samvinnu og aðgerðir yfir landamæri;

að hún efli enn frekar alþjóðlegt samstarf um aðgerðir gegn mansali;

að hún beiti sér fyrir því að lögregla, ábyrg yfirvöld, tollayfirvöld, starfsfólk öldrunarþjónustu, starfsfólk móttökubúða hælisleitenda, heilbrigðisstarfsfólk og kennarar hinna ýmsu starfsmannahópa sem málið varðar öðlist hæfni til þess að bera kennsl á fórnarlömb mansals;

að með því að skiptast á þekkingu og reynslu verði stuðlað að því að fórnarlömb mansals fái góða meðferð;

að hún hvetji öll aðildarlöndin eins og unnt er til þess að endurskoða gildandi löggjöf með það fyrir augum að herða refsingar fyrir mansal.

Norðurlandaráð

A 1651/medborger

Lagt fram af:
Flokkahópi miðjumanna

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Málsnúmer 15-00192-3

26. ágúst 2015

Anders Eriksson (ÅF)

Arto Pirttilahti (cent)

Carl Haglund (sv)

Hanna Kosonen (cent)

Höskuldur Þórhallsson (F)

Jan Lindholm (MP)

Jóhanna María Sigmundsdóttir (F)

Katri Kulmuni (cent)

Lars Tysklind (FP)

Ola Johansson (C)

Penilla Gunther (KD)

Per Olaf Lundteigen (Sp)

Rigmor Andersen Eide (KrF)

Róbert Marshall (Björt framtíð)